

Fundargerð

Hekluhestar og Hraunhestar

Fundarstaður: Hellu, Suðurlandsvegi 1-3, 2 hæð í fundarsal Rangárþings Ytra

Fundartími: 4. júní - 12:30-13:30

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Afrit sent á alla fundarmenn til samþykktar

Fundarmenn:

Aníta Ólöf Jónsdóttir, Hekluhestar

Guðný Eiríksdóttir, Hraunhestar/ Hellismenn (laugahestar@gmail.com)

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Þórhalla G. Gísladóttir, Hellismenn

Markmið fundar

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð við leitum eftir í lok fundar.
 2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
 3. Farið yfir drög af korti með reiðleiðum.
 4. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum,
 - a. viðkvæmustu svæðin eru háhitasvæðin sem er innan Torfajökulsöskjunnar og má því gera ráð fyrir að Askja sjálf verði afmörkuð sem mjög viðkvæmt svæði.
 5. Önnur mál sem þarf að bæta eða laga innan friðlandsins.
 6. Tekið saman það sem farið var yfir á fundinum.
-
1. Hákon fer yfir áherslur fundarins og hvað leitast verður að að ræða, markmið og lokaafurð. Umhverfisstofnun (UST) vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið til hestaferða, s.s. hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð og umgengni hestamanna.
 2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.
 3. Fundarmenn komu með þær athugasemdir að kort sem sent var á þá var mjög rangt og þarf að taka í gegn með þeim sem hafa þekkingu á. Farið verður í þá vinnu að lagfæra kort í

samstarfi við fundarmenn. Búið er að senda „trökk“ frá Hraunhestum og Umhverfisstofnun á gögn frá Hekluhestum sem búið er að „tracka“.

4. Fundarmenn voru sammála því að rekstur er ekki talinn ákjósanlegur allstaðar, sérstaklega á ákveðnum viðkvæmum svæðum og mikilvægt að skilgreina þær reiðleiðir þar sem ekki má reka heldur aðeins teyma. Rætt var um áningastaði sem voru ákveðnar fyrir nokkrum árum. Rætt var sambland hestaferða við hjólreiðar? Fundarmenn vilja meina að hjólreiðar passi alveg við sumar af þessum leiðum og hafa ekki lent í miklum vandræðum þegar hestahópar mæta hjólreiðafólki, mikilvægt er að hjólreiðafólk sýni aðgát samt sem áður þegar hestahópar eru annars vegar.

Hákon: Úrgangur frá hrossum í Landmannahelli og Landmannalaugum, hvar er losað við hann núna, sett í gil þarna fyrir innan, fyrir innan ruslagámgin og fyrir aftan húsin, sett þar á haustin. UST leggur til að haft verði samráð við starfsmann stofnunarinnar hvar heppilegast er að setja úrgang frá hestum hverju sinni. Fundarmenn sammála því – vera í samráð með það.

Sérstakir staðir sem þarf að fara í að laga/bæta:

Hekluhestar: Járnstaur og spottar – loka fyrir að hestar fari út af veginum á Frostastaðahálsi.

Loka fyrir umferð um frostastaðaháls þegar rekstur hrossa er um hálsinn til að koma í veg fyrir slystahættu. Setja skilti á hjörum – lokað í 15 mínútur vegna reksturs.

Setja upp skilti með upplýsingum um að stundum er rekstur hrossa yfir hálsinn..

Hjá Stóra-Kýling þarf að fjarlægja rör sem hafa valdið usla og slasað hross. Ekki mörg ár síðan rörin voru sett. Þar er hestagerði – þetta er viðkvæmt svæði ef farið er utan með rörunum. UST kannar hvernig mögulega væri hægt að fjarlægja rörin, ræða við Vegagerðina.

Ætti að takmarka hópastærðir á reiðleiðum? Upp hjá Ljótapolli og frá Ljótapolli í Hnausapoll og þaðan í áttina að Eskihlíð – syðst við Eskihlíðavatn, svo í áttina að Löðmundi. Hellisfjallsmegin er ekki eins viðkvæmt svæði og sér ekkert á gróðrinum.

Reiðleið hjá Hrafnabjargarvatni –

Taka Laufdalsskarð út sem reiðleið!

Bera efni í Helliskvísl, og útfallið úr Löðmundarvatni.

Í hlíðum Tjörvafells er gömul griðing – gaddavír – Hekluhestar (Aníta) vill taka að sér að taka hana niður, upp í slakkanum, þar á milli.

Næstu mál á dagskrá:

Næsta mál á dagskrá er að lagfæra reiðleiðakort og senda á milli þar til boðað verður til fundar aftur í haust, eftir sumarvertíðina. Það þyrfti að bjóða fleiri aðilum á næsta fund sem haldinn verður í haust, Íshestar (Gestur á Kálfhóli) og Eldhestar, en þeir nýta einnig svæði og fara í hverri viku, þá kemur Gunnar í Steinsholti einu sinni í viku og fer inn í Laugar. Á þeim fundi verður liðið sumar rætt og tekið upp þau atriði sem þyrfti að bæta í samræmi við það sem rætt var á þessum fundi. UST mun boða til þess fundar.

